

**Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins 2015 – Fundargerð**  
Haldinn á Reykjavík Natura, Reykjavík 17. mars 2015 kl. 17:15

Oddur Ingimarsson formaður stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins setti fundinn kl. 17:26 og gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hæstaréttarlögmann, sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tók til starfa og gerði tillögu um Sigríði Ómarsdóttur skrifstofustjóra Almenna lífeyrissjóðsins, sem fundarita. Tillagan var samþykkt og tók fundaritari til starfa.

Fundarstjóri gerð grein fyrir fundarboði. Fundurinn skal skv. 7. gr. samþykka sjóðsins boðaður með 14 daga fyrirvara. Fundurinn var boðaður með bréfi til sjóðfélaga sem var sent út með yfirlitum þann 6. febrúar sl. Fundurinn var formlega boðaður á heimasíðu sjóðsins og með auglýsingum í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu þann 28. febrúar 2015.

Samkvæmt ofangreindu er fundurinn löglega boðaður og lýsti fundarstjóri fundinn lögmatan.

**Dagskrá fundarins var eftirfarandi:**

**Dagskrá.**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2014 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

Því næst var gengið til dagskrár fundarins og lagði fundarstjóri til að umræður og fyrirspurnir verði saman um dagskrárlíði 1-3.

1. Skýrsla stjórnar

*Oddur Ingimarsson, formaður stjórnar.*

Skýrsla stjórnar er með prentuðum ársreikningi og ræða Odds Ingimarssonar er fylgiskjal með fundargerðinni.

Oddur tók til máls og fór yfir afkomu sjóðsins á liðnu starfsári. Afkoman hefur verið mjög góð, ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins hækkuðu um 4,8%-9,8% að nafnvirði á árinu 2014, raunávöxtun var jákvæð í öllum söfnum sjóðsins. Hæst var raunávöxtunin á Ævisafni I eða 8,7%. Tryggingafræðileg staða batnaði á árinu og er innan skilgreindra marka í lögum og stefnu stjórnar sjóðsins.

Það sem skiptir máli fyrir lífeyrissjóð er að langtímaávöxtun sé góð. Mikilvægt er að við eignastýringu sé alltaf horft til langs tíma og fjárfestingarkostir metnir með það í huga að þeir skili góðri ávöxtun yfir langt tímabil. Kjarninn í fjárfestingastefnu sjóðsins er að líta fram hjá skammtímasveiflum á mörkuðum

og leggja áherslu á traustar eignir sem uppfylla skilyrði um fjárhagslegan styrkleika, mikla áhættudreifingu og lágan kostnað. Raunávöxtun síðustu fimm ára hefur verið góð en hún hefur verið á bilinu 3,5%-6,4% hjá blönduðu verðbréfasöfnunum. Almenni lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að veita góðar upplýsingar til sjóðfélaga. Á heimasíðu sjóðsins eru m.a. birtar upplýsingar um sundurliðun eigna og ávöxtun.

Á árinu 2015 eru liðin 50 ár frá því að Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands, sem er elsti sjóðurinn af forverum Almenna lífeyrissjóðsins, var stofnaður. Almenni lífeyrissjóðurinn samanstendur af sjö lífeyrissjóðum sem hafa sameinast á mismunandi tímabilum.

Þá vék Oddur að ályktun sem samþykkt var á síðasta aðalfundi en þá var stjórn sjóðsins falið að gera tillögu um breytingar á samþykktum sjóðsins svo sjóðfélagar geti tekið þátt í atkvæðagreiðslum á aðalfundi með rafrænum hætti. Skiptar skoðanir eru á því hvort leyfa eigi slíkar rafrænar kosningar en stefnt er að því að taka endanlega ákvörðun um það á næsta aðalfundi sjóðsins. Jafnframt var sjóðnum falið að meta hvort takmarka ætti fjölda umboða sem sjóðfélagar geta tekið með á aðalfund og hvort lækka ætti hámark atkvæðisréttar hvers sjóðfélaga. Stjórnin ákvað að leggja ekki til skerðingu á hámarks atkvæðisrétti hvers sjóðfélaga. Hins vegar leggur stjórnin til að í gegnum umboð og eigin atkvæðisrétt geti hver sjóðsfélagi að hámarki farið með atkvæðisrétt upp á 0,3% af heildareignum lífeyrissjóðsins m.v. 31. desember síðastliðins árs.

Oddur gerði grein fyrir því að Landssamtök lífeyrissjóða og Fjármálaeftirlitið hafi kynnt niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar um nægjanleika lífeyrissparnaðar á Íslandi og í nokkrum öðrum ríkjum á sérstökum fundi fyrr í vetur. Niðurstaðan er að Ísland kemur almennt vel út í þessum samanburði.

Að lokum þakkaði formaður meðstjórnendum fyrir gott samstarf á árinu. Jafnframt þakkaði hann sjóðfélögum og starfsmönnum fyrir samstarfið og samskiptin á árinu.

Fundarstjóri þakkaði Oddi fyrir yfirferð og kynnti Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóra í ræðupúlt.

## 2. Ársreikningur 2014 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs *Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri.*

Gunnar gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins og tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.

Ársreikning og kynningu Gunnars má í heild sinni finna á vefnum [www.almenni.is](http://www.almenni.is).

Helstu tölur ársreiknings eru eftirfarandi:

- Sjóðurinn stækkaði samtals um 14,0 ma.kr. á árinu eða um 10%, úr 142,5 ma.kr. í 156,5 ma.kr. í lok árs 2014.
- Séreignarsjóður stækkaði um 6,7 ma.kr. eða um 9% úr 76,1 ma.kr. í 82,8 ma.kr. í lok árs 2014
- Samtryggingarsjóður stækkaði um 7,4 ma.kr. eða um 11% úr 66,3 ma.kr. í 73,7 ma.kr. í lok árs 2014.

- Heildariðgjöld ársins námu 8,5 ma.kr. og jukust um 8% milli ára eða 631,0 m.kr., þar af jukust lágmarksíðgjöld um 5% eða 248,0 m.kr. en viðbótariðgjöld jukust um 16% eða um 372,0 m.kr. Helsta skýringin á hækkun viðbótariðgjalda er að launþegum er aftur heimilt að ráðstafa allt að 4% af launum í séreignarsjóð.
- Lífeyrisgreiðslur ársins voru 4,7 ma.kr. og jukust um 32% eða 1.141 ma.kr. Greiðslur úr séreignarsjóði jukust um 1.064 m.kr. milli ára og greiðslur úr samtryggingarsjóði jukust um 77 m.kr. Aukagreiðslur úr séreignarsjóði skýra miklar hækkunir milli ára. Frá árinu 2009 hefur sjóðurinn greitt út um 11 ma.kr. í form fyrirframgreidds lífeyris vegna sérstakrar heimildar.
- Rekstrarkostnaður nam 281 m.kr. og jókst um 12% á milli ára og má rekja hækkunina að hluta til hækkunar á upplýsingatæknikostnaði.

Gunnar fór yfir tryggingafræðilega úttekt sem unnin er af Talnakönnun hf. og fór yfir forsendur sem liggja að baki úttektinni. Niðurstaða úttektarinnar er að skuldbindingar vegna áunninnar stöðu nema 1,2 ma.kr. meira en eignir eða 0,7%, að verðmæti framtíðariðgjalda nemi 0,4 ma.kr. meira en skuldbindingar vegna iðgjaldanna og það leiðir til þess að heildarskuldbindingar nema 0,8 ma.kr. umfram eignir og framtíðariðgjöld eða 0,7%. Tryggingafræðileg staða Almenna lífeyrissjóðsins er því innan skilgreindra marka í lögum og samkvæmt stefnu stjórnar sjóðsins.

Gunnar gerði grein fyrir yfirvofandi breytingum á mati á lífslíkum sem lagt er til að taki gildi á næsta ári. Núverandi lífslíkur eru byggðar á reynslu undanfarinna ára (2007-2011) en á síðustu árum hafa lífslíkur aukist verulega. Nýjar lífslíkur sem gert er ráð fyrir að taka í notkun á næsta ári byggja á framtíð frekar en fortíð og á því að meðalævin haldi áfram að lengjast. Gera má ráð fyrir að almennt muni tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna versna vegna breyttra lífslíkna. Á vettvangi lífeyrissjóðanna er verið að skoða möguleg viðbrögð. Jafnframt er Almenni lífeyrissjóðurinn að skoða hvort ástæða sé til að gera breytingar t.d. á iðgjaldaskiptingu milli séreignar og samtryggingar.

Að lokum þakkaði Gunnar stjórn sjóðsins fyrir gott samstarf á árinu og þá sérstaklega Hrönn Sveinsdóttur sem gengur úr stjórn sjóðsins og gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Fundarstjóri þakkað Gunnari fyrir yfirferðina og kynnti Kristjönu Sigurðardóttur fjárfestingastjóra, í ræðupúlt.

### 3. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins *Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingastjóri.*

Kristjana tók til máls og fór yfir fjárfestingastefnu sjóðsins fyrir árið 2015. Helstu breytingar sem gerðar voru á fjárfestingastefnunni felast í því að nú er stefnt að jöfnu vægi skuldabréfa og hlutabréfa í samtryggingarsjóði. Áður var stefnt að 60% vægi skuldabréfa og 40% vægi hlutabréfa. Vægi einstakra flokka skuldabréfa hefur jafnframt verið breytt og hlutfall erlendra framtakssjóða af erlendum hlutabréfum er nú 10%.

Sjóðfélagar geta valið um sex ávöxtunarleiðir í séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Hægt er að velja söfn sem fjárfesta bæði í skuldabréfum og hlutabréfum. Einnig er hægt að velja innlend ríkisskuldabréf og innlend bankainnlán. Kristjana fór yfir fjárfestingastefnu í hverri ávöxtunarleið í

séreignarsjóði og samtryggingarsjóði og hver eignastaðan er samanborið við fjárfestingarstefnu. Fram kom að eignirnar eru frábrugðnar stefnunni og er það vegna gjaldeyrishafta.

Kristjana fór yfir raunávöxtun ársins 2014 sem var; Ævisafn I 8,7%, Ævisafn II 7,6%, Ævisafn III 4,8%, Samtryggingarsjóður 6,2%, Innlánaafn 2,1%, Ríkissafn langt 0,0% og Ríkissafn stutt 2,9%. Farið var yfir sundurliðun á innlendum og erlendum verðbréfum ásamt því að fara yfir stærstu útgefendur verðbréfa í sjóðnum.

Fundarstjóri þakkaði Kristjönu fyrir yfirferðina og bauð upp á umræður og fyrirspurnir. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að þessu loknu var ársreikningurinn tekinn til afgreiðslu og hann samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

#### 4. Tillaga að breytingum á samþykktum *Oddur Ingimarsson, stjórnarformaður.*

Oddur gerði grein fyrir tillögum að breytingum á samþykktum.

#### **Grein 8.3. viðbót**

Í gegnum umboð og eigin atkvæðisrétt getur hver sjóðsfélagi að hámarki farið með atkvæðisrétt upp á 0,3% af heildareignum lífeyrissjóðsins m.v. 31. desember síðastliðins árs.

Um greinina:

Það er ólýðræðislegt að einn sjóðsfélagi geti safnað það mörgum umboðum að hann geti einn stjórnað aðalfundi.

Á fjórum síðustu ársfundum hefði ákvæðið haft eftirfarandi áhrif.

- Ekki haft nein áhrif á tveimur fundum.
- Áhrif á tvo sjóðsfélaga á einum fundi.
- Áhrif á einn sjóðsfélagi á einum fundi.

Ef ákvæðið hefði verið inni á þessum aðalfundi þá hefði hámarksatkvæðismagn hvers sjóðsfélaga með umboð verið um 470 milljónir.

#### **Grein 9.2.**

Stjórn er óheimilt að tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaga sem lífeyrissjóðurinn á hlut í og taka þátt í stjórnarkjöri nema brýn nauðsyn krefur vegna hagsmuna sjóðsins og stjórn sjóðsins samþykkir. Stjórn sjóðsins skal móta eigendastefnu um hvernig sjóðurinn beitir sér sem hluthafi í félögum sem hann á verulegan eignarhlut í og um afstöðu sjóðsins til félaga sem fjárfest hefur verið í.

Um greinina:

Almenna lífeyrissjóðurinn hefur vaxið hratt á liðnum árum og voru heildareignir rúmir 156 milljarðar í árslok 2014. Lífeyrissjóðurinn er orðinn það stór að hann getur ekki setið hjá í fyrirtækjum sem hann

á verulegan eignarhlut í þ.e. 5% eða hærri beinan eignahlut í einstöku félagi eða þar sem lífeyrissjóðurinn er meðal fimm stærstu hluthafa félags.

#### **Grein 12.4.**

Ný grein:

Aldur erfingja stýrir því í hvaða safn erfðaséreign er flutt við skiptingu. Séreignin flyst síðan á milli safna í samræmi við ákvæði um Ævileiðina, grein 11.2. Sjóðfélagar geta einnig valið aðra ávöxtunarleið með aðild að sjóðnum.

Um greinina:

Í samþykktum sjóðsins er ekkert fjallað um það hvernig fara eigi með séreign sem myndast vegna erfða. Verklag hefur verið að skipta séreign milli aðila í samræmi við aldur þeirra og setja þá í Ævileiðina. Greinin er sett til að festa verklag í samþykktir.

Fundarstjóri bauð orðið laust um þessar tillögur.

Þorleifur spurðist fyrir um það hvort ekki væri eðlilegt að erfingjar tækju ákvörðun um ávöxtunarleið. Gunnar svaraði að erfingjar hefðu heimild til að velja ávöxtunarleið en í mörgum tilfellum væri erfitt að ná sambandi við erfingja. Þetta ákvæði væri í raun til að skjalfesta núverandi ferli.

Guðjón Hreiðar spurðist fyrir það hvort greiðslur féllu niður við andlát sjóðfélaga og hvort eftirlifandi maki sæti ekki í óskiptu búi. Gunnar gerði grein fyrir því að inneign í séreignarsjóði erfðist samkvæmt erfðalögum og skiptist á milli eftirlifandi maka og barna í hlutföllunum 1/3 og 2/3.

Brynjólfur Bjarnason spurðist fyrir um hvers vegna hlutfallið 0,3% væri notað til að ákveða viðmið vegna umboða. Oddur svaraði því að hlutfallið hafi verið ákveðið með hliðsjón af mætingu og umboðum frá fyrri fundum. En það hlutfall myndi, samkvæmt þeirri reynslu, tryggja að einn aðili gæti ekki haft óeðlilega yfirburðastöðu á aðalfundi.

#### **Umræður og atkvæðagreiðsla**

Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu á grein 8.3. Einn fundargesta var á móti tillögunni en aðrir greiddu henni atkvæði. Fundarstjóri úrskurðaði að tillagan væri samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu á grein 9.2. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu á grein 12.4. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þá var komið að 5. lið á dagskrá sem er kosning stjórnar.

#### **5. Kosning stjórnar**

Á ársfundinum skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn til þriggja ára. Á fundinum lýkur kjörtímabili eftirtalinna stjórnarmanna:

**Aðalmenn:**

Ástríður Jóhannesdóttir

Hrönn Sveinsdóttir

**Varamenn:**

Pétur Þorsteinn Óskarsson

Frestur til að skila inn framboðum til aðalstjórnar fyrir ársfund rann út þann 10. mars sl.

**Eftirtaldir gáfu kost á sér í aðalstjórn:**

Ástríður Jóhannesdóttir, læknir

Guðrún Torfadóttir, læknir

Hulda Rós Rúriksdóttir, hæstaréttarlögmaður

Fundarstjóri bauð frambjóðendum að kynna sig.

Heildaratkvæðamagn í sjóðnum er 152.448.514.614, afhent atkvæði á fundinum voru 3.713.157.061 eða 2,44%.

**Þá var gengið til kosninga og féllu atkvæði þannig:**

Niðurstöður voru að Ástríður hlaut 49,3% greiddra atkvæða, Hulda 49,0% og Guðrún 1,7%. Ástríður og Hulda Rós teljast því réttkjörnir aðalmenn til þriggja ára.

Kosning varamanns til þriggja ára fyrir Pétur Þorstein Óskarsson.

Einn hefur gefið kost á sér fyrir fundinn:

Pétur Þorsteinn Óskarsson, yfirmaður samskipta hjá Símanum

Til viðbótar gaf kost á sér á fundinum:

Guðrún Torfadóttir, læknir

**Þá var gengið til kosninga og féllu atkvæði þannig:**

Niðurstöður voru að Pétur Þorsteinn hlaut 96,6% greiddra atkvæða og Guðrún 3,4%. Pétur Þorsteinn telst því réttkjörinn varamaður til þriggja ára.

6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags

Tillaga er að Grant Thornton endurskoðun verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins. Engar aðrar tillögur um endurskoðunarfélag bárust þannig að tillagan skoðast samþykkt.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Samkvæmt grein 6.7 í samþykktum er stjórn Almenna lífeyrissjóðsins launuð og ákveður ársfundur stjórnarlausn fyrir liðið starfsár.

Fundinum barst eftirfarandi tillaga fyrir árið 2014:

- Mánaðarlaun almenns stjórnarmanns hækka um 3% og verða 103 þúsund á mánuði.  
Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður tvöföld mánaðarlaun
- Stjórnarmenn sem stóðust hæfnismat FME á undanfögnu starfsári fá 2 auka mánaðarlaun almenns stjórnarmanns
  - Mikill vinna fer í fer í undirbúning fyrir hæfnismatið sem lendir bara á nýjum stjórnarmönnum
  - Einn stjórnarmaður lauk hæfnismati FME á undanfögnu starfsári
- Laun varamanns fyrir setinn fund lækka úr 100 þúsund í 65 þúsund fyrir hvern setinn fund.
  - Lækkun er til samræmis við aðra lífeyrissjóði

Fundarstjóri bauð aðilum að tjá sig. Engin tók til máls.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 8. Önnur mál

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að fundarritari gangi frá fundargerð í samráði við fundarstjóra.

Fleiri atriði lágu ekki fyrir fundinum og var honum slitið kl. 19:05

Þj. Ómand. Þv  
E. Ómand. Þv